

Íslenskur iðnaður

SI

6. tbl. 13. árg

Samtök iðnaðarins

Júní 2007

Hátíð í bæ


Alcoa Fjarðaál formlega tekið til starfa

Stærsta álfyrirtæki landsins, Alcoa Fjarðaál tók formlega til starfa hinn 9. þessa mánaðar að viðstöddum fjölda starfsmanna og gesta. Í ávarpi sínu við opnunina sagði Tómas Már Sigurðsson, forstjóri Alcoa Fjarðaáls, m.a. að nú hæfist nýtt tímabil uppbyggingar og framfara á Austurland og nú stefni hratt í að Austurland verði annað öflugasta efnahags- og athafnasvæði Íslands næst á eftir suðvesturhorni landsins. „Við sem hér búum höfum séð með eigin augum hvernig allt mannlíf hefur þróast á fáeinum árum úr

efnahagslegri stöðnun í blómlegan og kraftmikinn vöxt og framfarir sem íbúar Austurlands munu njóta góðs af um langan aldur.“

Straumi var fyrst hleypt á álverið 8. apríl sl. og þar með hófst álframleiðslan en síðan hefur verið keyrt rólega upp, að sögn Tómasar Mús. Þegar starfsemin verður komin á fulla ferð nemur árleg framleiðsla um 346 þúsund tonnnum af áli.

Sjá viðtal við Tómas Má Sigurðsson á bls. 4 og 5.



**Hönnunar-
verslunin Kraum
í Fógetastofu**
sjá nánar bls. 6

bls. 2

**Hvað felst í
fríverslunar-
samningi
við Kína?**



bls. 3

**Stjórn SI
heimsækir
ÍAV**



bls. 4-5

**Viðtal við
Tómas Má
Sigurðsson
forstjóra Alcoa**



bls. 7

**Fyrrum
formenn FBE
sæmdir
gullmerki**



Hvað felst í fríverslunar-samningi við Kína?

Formlegum viðræðum Íslendinga og Kínverja um fríverslun verður haldið áfram síðar í þessum mánuði. Ekki hafa fengist nægilega skýrar upplýsingar frá stjórnvöldum um hvað á nákvæmlega að semja og viðræður ríkjanna vekja því margar spurningar. Ísland er eitt örfárra ríkja sem hafa viðurkennt Kína sem markaðshagkerfi í skilningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO), með samkomulagi ríkjanna hinn 1. maí 2005. Evrópusambandið hefur ekki viljað viðurkenna Kína sem markaðshagkerfi af margvíslegum ástæðum. Má þar helst nefna áhrif stjórnvalda á fyrirtækjarekstur í landinu, skort á löggjöf sem verndar einkarétt, skattaívilnanir stjórnvalda fyrir kínversk fyrirtæki, hindranir á því að evrópsk fyrirtæki geti tekið þátt í opinberum innkaupum í Kína og almennar hindranir fyrir evrópsk fyrirtæki á þeim markaði. Loks má nefna að Evrópusambandið hefur áhyggjur af vaxandi viðskiptahalla milli Evrópu og Kína. Þegar framangreint er haft í huga vekur þetta frumkvæði íslenskra stjórnvalda óneitanlega athygli.

Með þessari viðurkenningu hafa Íslendingar jafnframt skuldbundið sig til að beita ekki undirboðstollum á vörur frá Kína nema að uppfylltum mjög ströngum kröfum um að sannað hafi verið að undirboð hafi átt sér stað, skv. reglum WTO. Evrópusambandið hefur hins vegar nýtt sér undanþáguákvæði í bókun WTO vegna aðildar Kína að stofnuninni sem slakar á þessum ströngu sönnunarkröfum og lagt undirboðstolla á vörur frá Kína, t.d. stálvörur og skófatnað.

Íslendingar hafa skuldbundið sig til að beita ekki undanþáguákvæðinu

Í fyrrnefndu samkomulagi frá 1. maí 2005 er sérstaklega tekið fram að Íslendingar muni ekki beita áðurnefndu undanþáguákvæði í viðskiptum ríkjanna. Þetta samkomulag þýðir því í reynd að íslenskur iðnaður er mun berskjaldaðri gagnvart innflutningi á ódýrum vörum frá Kína en iðnaður annars staðar í Evrópu. Ekki þarf að fara mörgum orðum um hversu



Sigurður B. Halldórsson
lögfræðingur SI

erfitt það er fyrir iðnaðinn hér á landi að keppa við iðnaðarvörur frá Kína þar sem framleiðslukostnaðurinn er miklu lægri en hér en þann mun má aðallega rekja til þess að kjör launafólks í Kína eru allt önnur en hér á landi.

Ísland milliliður fyrir viðskipti milli Kína og meginlands Evrópu?

Töluvert hefur borið á þeirri umræðu hér að hagstæð skilyrði gætu orðið til þess að Ísland yrði milliliður fyrir viðskipti milli Kína og meginlands Evrópu. Einnig gæti verið hagkvæmt að flytja hálfunnar vörur frá Kína til Íslands, fullvinna þær hér og selja í öðrum Evrópulöndum. Ekki er þó gefið að málið sé alveg svo einfalt því að samkvæmt svokölluðum upprunareglum, sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu, verður að vera á hreinu hvaðan varan kemur. Ef hún kemur frá Kína er hún meðhöndluð sem innflutningsvara þaðan. Þá vakna einnig spurningar um hvernig Evrópusambandið muni bregðast við reyni Íslendingar að fara þessa leið, þ.e. fá íslenskt upprunavottorð á slíkar vörur og selja þær áfram til annarra Evrópulanda. Hvaða áhrif kynnu slíkar ráðstafanir að hafa á aðild okkar að EES-samningnum?

Áhyggjur íslenskra verktakafyrirtækja

Fríverslunarviðræður ríkjanna snúast ekki bara um vörur heldur líka þjónustu. Verktakafyrirtæki hér á landi hafa lýst áhyggjum af því að kínversk byggingafyrirtæki fái aðgang að íslenskum markaði, þ.e. geti selt þjónustu sína milli landanna. Eins og fyrr greinir eru kjör launafólks allt önnur í Kína en hér á landi og mjög erfitt er fyrir íslensk stjórnvöld að fylgjast með því hvaða laun og starfskjör þeir starfsmenn hafa sem koma hingað á vegum erlendra fyrirtækja.

Þeirri spurningu er ósvarað hversu mikinn aðgang Kínverjar fengju fyrir vinnuafli sitt hér á landi. Þó svo að íslensk stjórnvöld hafi upplýst að fyrirhugaður fríverslunarsamningur við Kína taki ekki til frjálsra fólksflutninga milli landanna yrði kínverskum fyrirtækjum hér á landi engu að síður heimilt, skv. þjónustusamningnum, að flytja inn til landsins stjórnendur viðkomandi fyrirtækja svo og aðra sérfræðinga. Því vaknar spurningar eins og t.d. hversu margir mega þessir sérfræðingar vera og hvernig skilgreiningu á sérfræðingi er háttáð í viðkomandi fyrirtæki.





Flokkaður úrgangur sóttur heim

Það er auðvelt að flokka úrgang og ný þjónusta Gámaþjónustunnar gerir það enn auðveldara. Nú getur almenningur pantað endurvinnslutunnu heim að dyrum. Þetta frumkvæði Gámaþjónustunnar hefur vakið athygli enda er þjónusta af þessu tagi nýjung í úrgangspjónustu hér á landi. Endurvinnslutunnan hefur hlotið góðar viðtökur. Til marks um það hafa á fjórða hundrað heimili þegar tekið hana í notkun og fyrirspurnum fjölga stöðugt. Hafnfirðingar eru áhugasamastir um þjónustuna, miðað við höfðatölu. Í tunnuna má setja pappa, fernur, málma, plast, dagblöð og annan pappír en tunnan er losuð á fjögurra vikna fresti. Gámaþjónustan flokkar úrganginn í flokkunarstöð og sendir utan til endurvinnslu.

Bryndís Skúladóttir



Stjórn SI ásamt Gunnari Sverrissyni forstjóra ÍAV og Karli Þráinssyni aðst. forstjóra á byggingarstað nýs tónlistarhúss

Stjórn SI heimsækir ÍAV

Stjórn Samtaka iðnaðarins heimsótti ÍAV á dögum og skoðaði framkvæmdir félagsins vegna byggingar tónlistar- og ráðstefnumiðstöðvar við Reykjavíkurhöfn. Byggingin verður um 26.000 fermetrar að stærð og rúmar m.a. tónleikasal sem tekur 1.800 manns í sæti, tvískiptan-

legan ráðstefnusal með 750 sæti, kammarmúsíksal með 450 sæti og minni sal fyrir 180-200. Verklök eru áætluð haustið 2009.

Stærsta steypa Íslandssögunnar

Einn hluti verksins var stærsta steypa Íslandssögunnar sem hófst að morgni sumardagsins fyrsta 2006 þegar steypubílar BM Vallár losuðu fyrstu rúmmetrana af steypu í grunn tónlistar- og ráðstefnuhússins við austurhöfnina í Reykjavík. Stærsti hluti botnplötunnar var steypur en í þann áfanga fóru um 2.300 rúmmetrar eða um 5.700 tonn, sem jafngildir steypu í um 120 einbýlishús. Í verkið þurfti nærri 300 farma fulllestaðra 8 rúmmetra steypubíla og var verkinu lokið á ellefu klukkustundum. ÍAV eru með mörg stórverkefni í framkvæmd en langstærst er Austurhafnarverkefnið svokallaða á um 60.000 fermetra svæði sem teygir sig frá Ingólfsgarði að Lækjartorgi. Byggingamagn svæðisins alls er um 200 þúsund fermetrar.



Nýjung í aðstoð Samtaka iðnaðarins við félagsmenn

Samtök iðnaðarins hafa um alllangt skeið boðið félagsmönnum sínum fræðslu og aðstoð varðandi stjórnun og rekstur. Í boði eru námskeið og kynningar af ýmsu tagi bæði fyrir stjórnendur og almenna starfsmenn, s.s. varðandi kostnaðar- og verðútreikninga, tímaskráningu, gæðastjórnun og vottanir ásamt ýmsum stuðningsgögnum. Sérfræðingar Samtakanna koma út í fyrirtækin hvar sem er á landinu og aðstoða og setja upp það sem í boði er. Mest af þessari þjónustu er innifalið í félagsgjöldum og fyrirtækin úti á landsbyggðinni bera engan aukakostnað vaf slíkum heimsóknum.

Þjónustan eflid

Til að efla þessa þjónustu ennfrekar og styðja við bakið á þeim sem eiga samvinnu við SI um að innleiða gæðastjórnun eða fá framleiðslu sína viðurkennda til CE-merkinga hafa Samtökin komið sér upp fjarkennslubúnaði sem gerir sérfræðingum þeirra kleift að leiðbeina og aðstoða félagsmenn sína við tölvuvinnslu frá skrifborði sínu hvar sem þeir eru net-tengdir.

Búnaðurinn er mjög auðveldur í notkun. Starfsmaður SI sendir tölvupóst með skilaboðum sem viðtakandinn þarf að

staðfesta til að leyfa tengingu við tölvuna sína. Sá, sem veitir aðgang að tölvunni sinni, ræður hvað hann vill láta sjást á skjánum og hvort hann leyfir leiðbeinandanum aðeins að horfa á eða veitir honum jafnframt aðgang að lykklaborði og mús.

Góðar viðtökur

Nú þegar hafa allnokkrir nýtt sér þessa þjónustu með góðum árangri auk þess sem í því felst mikill sparnaður þar sem ekki þarf að ferðast um langan veg til að aðstoða við minnsta viðvik. Til að kanna hvort ekki má nýta þennan búnað enn betur bjóða Samtökin félagsmönnum sínum, sem þurfa aðstoð eða leiðbeiningar við almenna tölvunotkun, að nýta sér þessa þjónustu.

Til að fá aðstoð við forritin Word, Excel, tölvupóst eða aðra almenna tölvunotkun er hringt í síma 591-0127. Ekki er verra að hafa höfuðtöl tengd við símann þannig að báðar hendur séu frjálstar til að vinna á lykklaborði og mús meðan hlustað er á leiðbeiningar ráðgjafans.

Þannig geta félagsmenn SI, á sama andartaki sem þeir vinna að tilteknu verkefni, óskað eftir aðstoð sem ætti að leiða til þess að leiðbeiningarnar festist



betur í minni en ef þær eru sóttar á tölvunámskeiði þar sem verkefni tengjast ekki vinnu viðkomandi.

Ferdinand Hansen

Viðtal við Tómas Má Sigurðsson, forstjóra Alcoa

Uppbygging á lokastigi

Tómas Már segir þetta vissulega mikinn áfanga og þeir aðilar sem hafa staðið að uppbyggingunni, bæði Alcoa og verktaka-fyrirtækið Bechtel hafi staðið sig afskaplega vel. „Hjá okkur tekur við löng vegferð. Við þurfum stöðugt að bæta árangurinn og horfa fram á veginn. Gangsetningin tekur hálf ár og það verður ekki fyrr en þá sem við getum sagt að reksturinn sé kominn á beinu brautina.“

Fjöldi afleiddra starfa

Þegar byggingaframkvæmdum lýkur í árslok verða starfsmenn Fjarðaáls um 400 hundruð talsins. Tómas Már segir að fyrirtækið þurfi á mikilli þjónustu að halda og líklega skapist álíka mörg afleidd störf af margvíslegu tagi sem ýmis verktakafyrirtæki á Austurlandi sinna fyrir álverið. Mörg fyrirtæki á svæðinu geti sinnt þjónustu við álverið og önnur búi sig undir það. „Mörg fyrirtækin þurftu að fjárfesta í því skyni að þjóna okkur og við höfum fengið mörg innlend stórfyrirtæki inn á svæðið, s.s. Byko, Húsasmiðjuna, Rönning, Reykjafell, BM Vallá, Eimskip og Samskip og þau hafa byggt upp stórar starfsstöðvar hér fyrir austan.“

Mikið um aðkeypta þjónustu

Í álverinu eru fjölmörg hátæknistörf og starfsmenn með háskólamenntun eru um 100 eða fjórðungur starfsmanna. Innan fyrirtækisins fara fram miklar rannsóknir og þróun. Þótt Fjarðaál sé í eðli sínu framleiðslufyrirtæki segir Tómas að mikil hátækni sé tengd því bæði innan þess og

einnig í aðkeyptri þjónustu. Þar á meðal má nefna flutningastarfsemi innan lóðar, nær alla viðhaldsstarfsemi, tölvustarfsemi, nýfjárfestingar og umsjón með þeim. Auk þess er aðkeypt þjónusta þvottahúss og mótuneytis og mörg störf tengd umhverfismálum, s.s. sorphirða en markmiðið er að endurvinna allan úrgang sem fellur til í framleiðsluferlinu.

Nýju lífi hleypt í samfélagið

Eitt af markmiðum fyrirtækisins er að jafna hlutfall karla og kvenna sem vinna í álverinu „Við höfum kynnt að vinnustaðurinn sé bæði fyrir karla og konur. Það gerum við vegna þess að í álveri eru öll störf bæði fyrir konur og karla. Á svæðinu vantaði líka fjölbreyttari störf fyrir konur þegar við komum til sögunnar og þess vegna höfum við sett okkur það markmið að hér verði jafnmargar konur og karlar. Það hefur ekki náðst enn sem komið er en 30% starfsmanna eru konur.“ Upphaflega voru gerðar spár um hvaðan starfsfólk kæmi. Þá var gert ráð fyrir að helmingurinn væri af svæðinu en aðrir utan þess. Flestir starfsmenn eru íslenskir en nokkrir eru af erlendu bergi brotnir og hafa búið hér og tala íslensku. Nú eru um 60% af Austurlandi en tæp 40% aðflutt. „Búast má við að þeir 100, sem enn á eftir að ráða í störf, verði að stærstum hluta aðfluttir þar sem við teljum að við séum búnir að metta markaðinn og hér er ekkert atvinnuleysi,“ segir Tómas Már.

Margvísleg menntun starfsmanna

Tómas Már segir að mestur hluti menntunar starfsfólks fer fram innan veggja fyrirtækisins. „Við rekum skóla þar sem fólk er stöðugt í þjálfun. Við þurfum að símennta alla og það á jafnt við um stjórnendur, sérfræðinga og almenna starfsmenn. Sumt af símenntuninni tengist IÐUNNI, fræðslusetri en annað skólakerfinu, s.s. framleiðslutækni en í framtíðinni verður áreiðanlega meira samstarf milli álvera í því efni.“

Fleiri kostir en gallar við rekstur úti á landi

Tómas Már segir að því fylgi bæði kostir og gallar að byggja upp og reka svo stórt fyrirtæki úti á landi. „Hér er orkan sem við þurfum á að halda, góð höfn og samfélagið sem við störfum í er gott. Við eru vissulega stórir aðilar og samfélagið finnur vel fyrir því sem við gerum þannig að við leggjum mikið upp úr góðum tengslum við samfélagið. Aðföngin eru kannski dálítið flóknari en á höfuðborgar-



svæðinu því að hér er ekki jafn greiður aðgangur að varahlutum, verkstæðum eða verkfræðistofum sem geta sinnt okkur en það er líka allt í uppbyggingu.“ Tómas Már segir að á svæðinu sé mjög góð blanda af eldri fyrirtækjum sem mörg hver hafa gert þjónustusamninga við Fjarðaál og önnur nýrri sem eru að byggjast upp. „Í mörgum tilvikum hafa menn verið mjög snöggir að búa til samsteypur úr mörgum smáum fyrirtækjum sem við semjum við um ýmsa þjónustu.“

Mitt á milli stærstu markaðanna

Þegar Tómas Már er spurður af hverju stórfyrirtæki eins og Alcoa sækist eftir að reka álfyrirtæki á Íslandi segir hann margar ástæður fyrir því. „Í fyrsta lagi verður að hafa í huga að þetta er gífurleg fjárfesting. Það eru ekki aðeins um 100 milljarðar í álveri heldur líka skuld-



binding fyrirtækisins sem felst í að borga orkureikninginn frá Kárahnjúkavirkjun í 40 ár en hvort tveggja er fjárfesting sem við stöndum straum af með einum eða öðrum hætti. Orkuverðið skiptir auðvitað miklu máli og aðgengi að mörkuðum. Við erum hér mitt á milli stærstu markaðanna, Evrópu og Bandaríkjanna, en reyndar munum við framleiða mest fyrir Evrópumarkað. En í svona stóra fjárfestingu fer fyrirtækið ekki í nema fyrir hendi sé stöðugleiki í stjórnarhari, efnahagslífi og hátt menntastig. Þetta skiptir allt miklu máli."

Góðar viðtökur fyrir austan

Tómas Már segir að bæði sér og öðrum starfsmönnum Fjarðaáls hafi verið tekið afskaplega vel á svæðinu. „Við höfum líka fylgst með því gegnum Gallup kannanir og reyndin er sú að fyrirtækið nýtur hér mikils velvilja. Auðvitað er eðlilegt að fólk tjái skoðanir sínar en ég ætlast ekki til að það skipti um skoðun en ég held að okkur hafi tekist að sýna fram á að fyrirtækið er ábyrgur samfélagsþegn og mér sýnist það falla í góðan jarðveg."

Áhrif framkvæmdanna á vaxtastig og verðbólgu

Þegar áhrif á íslenskt efnahagslíf af framkvæmdunum fyrir austan ber á góma segir Tómas Már að framkvæmdirnar fyrir austan hafi auðvitað haft áhrif á vexti og verðbólgu í landinu en þetta vissu allir fyrir. „Þar á ofan hefur fasteignamarkaðurinn margfaldast en hann hefur miklu meira vægi í þessum tölum en fjárfestingarnar hér fyrir austan. Svo hafa verið byggðar tvær aðrar virkjanir og álver á suðvesturhorninu sem ekki voru inni í áætlunum. Það er því ekki sanngjarn að skella allri skuldinni varðandi vaxtastigið á framkvæmdirnar hér



enda höfum við fjárfest til að flytja út vörur og skapa tekjur og þetta mun allt jafnast af sjálfu sér."

„Eigum að nýta okkur sérstöðuna“

Á Iðnþingi í vor var Tómas Már kjörinn í stjórn Samtaka iðnaðarins. Því lá beint við að spyrja hvaða málum hann hygðist helst beita sér fyrir á þeim vettvangi. „Það er mjög margt. Mér finnst þetta gífurlega spennandi vettvangur. Ég held að það sé mjög gott að standa saman um sérstöðu iðnaðar á Íslandi og finna hver er sameiginlegur styrkur okkar, t.d. gagnvart ýmsu í regluverkinu. Íslenskur markaður er mjög lífill og við þurfum því að nýta okkur sérstöðuna eins og t.d. Marel og Össur og fleiri fyrirtæki hafa gert. Miklu skiptir að íslensk fyrirtæki auki framleiðni sína því að við stöndum ekki jafnt að vígi og aðrar þjóðir þar sem það er kostnaðarsamt að flytja vörur á erlendan markað. Ef menntunin er fyrsta flokks og umgjörðin um nýsköpun, þróun og tæknimenntun er fyrir hendi eigum við eftir að standast samkeppnina."

Sjá lengri útgáfu viðtals á www.si.is

Myndir á forsíðu og í texta eru frá opunarhátíð

Alcoa á Reyðarfirði laugardaginn 9. júní.

bóra Kristín Jónsdóttir



Bechtel hlýtur Kuðunginn

Á degi umhverfisins veitti Jónína Bjartmarz, umhverfisráðherra, verktakafyrirtækinu Bectel Kuðunginn, sem er árleg umhverfisviðurkenning umhverfisráðuneytisins. Bectel byggði álverið á Reyðarfirði og það var einróma álit dómnefndar að Bechtel hefði staðið þannig að verki að til fyrirmyndar væri fyrir verktakastarfsemi í landinu. Bechtel vinnur eftir umhverfiskerfi sem dregur stórlega úr líkum á umhverfisslysum og mengun. Fram kom í máli dómnefndar að óháð því hvaða skoðun menn hafa á álverum og starfsemi þeirra væri það einróma mat allra, sem hefðu kynnst sýn Bechtels á umhverfismálum, að þar væri um þátta-skil að ræða í verktakastarfsemi á Íslandi.

Tilgangur viðurkenningarinnar er að heiðra það fyrirtæki sem talið er hafa skarað fram úr í umhverfismálum á árinu og fyrir framlag sitt það ár til umhverfismála en einnig fyrir að vera öðrum fyrirtækjum hvatning til að leggja enn meira af mörkum í því efni.

Bryndís Skúladóttir



Úrvalsbollinn - „Cup of Excellence“

Kaffitár kynnti nýlega verðlaunakaffi sem gengur undir nafninu „Úrvalsbollinn“ eða „Cup of Excellence.“ Þetta er kaffi sem er valið af fjölda kaffisérfræðinga hvaðanæva að úr heiminum og sent inn til keppni í 7 kaffi-framleiðslulöndum. Kaffitár er aðili að samtökum sem taka þátt í að dæma þetta úrvalskaffi og getur jafnframt tekið þátt í uppboði á kaffi sem hlýtur þessa viðurkenningu en það kemur aðeins frá fáum kaffibúgörðum. Aðalheiður Héðinsdóttir, forstjóri og kaffimeistari Kaffitárs hefur verið kölluð til sem dómari í „Cup of Excellence“ keppninni en sá heiður hlotnast aðeins þeim sem hafa sýnt og sannað að hæfileikar

og ástríða séu fyrir hendi. Kaffitár hefur á boðstólum nokkrar kaffitegundir sem náð hafa þessum eftirsóttá árangri.



Hönnunar- verslunin Kraum tekin til starfa í Fógetastofu

Hinn 31. maí var opnuð ný hönnunarverslun að Aðalstræti 10 í Reykjavík. Verslunin ber heitið Kraum en markmiðið með stofnun hennar er að koma á framfæri og selja íslenska hönnun. Hún er því hin fyrsta sinnar tegundar hér á landi.

Undirbúningur að stofnun verslunarinnar hefur staðið í nokkur ár og með elju og stuðningi Samtaka iðnaðarins og hóps hönnuða tókst að fá fyrirtækið Arev til samstarfs. Saman stofnuðu fyrrnefndir aðilar einkahlutafélagið Kraum sem setti sér það markmið að hafa á boðstólum fatnað, skartgrip og margs kyns nytjavörur.

Íslenskir hönnuðir brugðust skjótt við þegar leitað var eftir vörum þeirra til að selja í versluninni. Um hundrað hönnuðir sendu inn vörur en um 70 þeirra fengu inni með vörur sínar samkvæmt ákvörðun valnefndar en hlutverk hennar er að tryggja gæði og samræmi þeirrar vöru sem er á boðstólum hverju sinni.

Verslunin er til húsa í nýbyggingu við Fógetann, elsta hús Reykjavíkur sem kennt er við Skúla fógeta, en þar var fyrsti vísir að verksmiðjuíðnaði hér á landi um miðja 18. öld. Húsið hefur nú fengið nafnið Fógetastofur og hefur verið gert upp í hólfi og gólf að upprunalegri



fyrirmynd. Þar verða settar upp menningarartengdar sýningar á vegum Reykjavíkurborgar. Á efri hæð gamla hússins er skrifstofa verkefnisins Handverks og hönnunar og þar verða einnig settar upp sýningararnar „Á skörinni.“

Halla Bogadóttir,
framkvæmdastjóri

Nýir félags- menn SI

Ó.K. gámaþjónustan ehf.
Borgarflöt 15
550 Sauðárkróki
Endurvinnsluíðnaður

Genís ehf.
Mýrargötu 2
101 Reykjavík
Líftækniíðnaður

Skilaboð ehf.
Tjarnarbóli 6
170 Seltjarnarnesi
Upplýsingatækniíðnaður



Félag blikksmiðjueigenda 70 ára

Fyrrum formenn sæmdir gullmerki félagsins



Frá vinstri: Kolviður Helgason, Gylfi Konráðsson og Garðar Erlendsson.

Um þessar mundir eru 70 ár frá því að Félag blikksmiðjueigenda (FBE) var stofnað. Þessa atburðar var minnst á dögnum í tengslum við aðalfund félagsins sem fór fram í Sveinbjarnargerði á Svalbarðsströnd norður.

Í afmælisræðu, sem var flutt við þetta tækifæri, kom fram að fimm blikksmiðjur stóðu að stofnun félagsins árið 1937. Viku síðar hafði félagið gengið frá sínum fyrsta kjarasamningi við Félag blikksmiða sem hafði verið stofnað tveimur árum áður. Síðan tók við barátta fyrir ýmsum lagfæringum í starfsumhverfinu, fyrirgreiðsla til að útvega aðildarfyrirtækjunum efni til að vinna úr og útgáfa sameig-

inleggar verðskrár svo að eitthvað sé talið.

Hin síðari ár hefur atorka félagsins fyrst og fremst beinst að því að bæta samkeppnisstöðu félagsmanna og fyrir-tækja og þar hafa fræðslumálin verið ofarlega á baugi undanfarið. Ný tækni hefur rutt sér til rúms og nú er óhætt að segja að blikksmiðjur séu langflestar mjög vel tækjum búnaðar og tæknivæddar enda þurfa þær að sinna flóknum og krefjandi verkefnum á sviði loftræsítækni, þak-, vegg- og pípuklæðninga.

Á hátíðarkvöldverði sem haldinn var í tilefni þessara tímamóta í sögu félagsins voru þrjú fyrrum formenn FBE sæmdir gullmerki þess.

Ingólfur Sverrisson

Íslenska ríkið sýknað í Hæstarétti

Hæstiréttur sýknaði í gær íslenska ríkið af kröfum Ljósmyndarafélags Íslands þess efnis að auk þeirra sem taka myndir í eigin vegabréf og nemenda í ljósmyndun væri ljósmyndurum með iðnréttindi einum heimilt að taka ljósmyndir í íslensk vegabréf.

Hæstiréttur sneri við niðurstöðu héraðsdóms sem hafði fallist á kröfu ljósmyndara. Í dómi Hæstaréttar sagði m.a. að útgáfa vegabréfa væri meðal verkefna sem stjórnvöldum væru fallin með lögum og þannig hluti af stjórnsýslu ríkisins. Með þá stjórnsýslu færu þeir starfsmenn ríkisins sem til þess væru ráðnir. Við breytinguna á tilhögun útgáfu vegabréfa var myndataka í vegabréf gerð að þætti í útgáfuferlinu og skipti engu um ferlið hvort umsækjandi kæmi sjálfur með ljósmynd eða ekki, ljósmyndataka á útgáfustað væri nauðsynleg. Féllst rétturinn á það með íslenska ríkinu að svo yrði að vera af öryggisástæðum og til að tryggja að uppfyllt væru alþjóðleg skilyrði um vegabréf. Að mati réttarins væri myndatakan einföld og engin þörf á sérkunnáttu ljósmyndara. Rétturinn féllst því á þær röksemdarfærslur íslenska ríkisins að myndataka á staðnum væri órjúfandi þáttur í verkferlinu og því ekki gerðar faglegar kröfur þannig að jafnað yrði við myndatöku í atvinnuskyni í skilningi iðnaðarlaga.

Sigurður B. Halldórsson

SI



Fréttablað Samtaka iðnaðarins
6. tbl. 13. árg. Júní 2007
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 19.06.2007
Prentvinnsla: Prenttækni ehf.
Plastpökkun: Iðjuberg
Ljósmyndir: Jóhannes Long, Páll A. Pálsson bls.7, myndir á forsiðu og bls. 4 og 5 Hreinn Magnússon

Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Borgartúni 35, 105 Reykjavík
Sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala: 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is
Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson
Ritstjóri: Haraldur D. Nelson
Efnisstjórn og umbrot: Þóra Ólafsdóttir
Málfarsráðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.

Framtíðin er í okkar höndum

Framtíðin leit í hálvörslu
- 25% veltuáminni Einnasta og
eitt af sínum 1000 fyrirtækjum www.si.is



(1970)



(1876)



(1900)



(1946)



(1970)

[540107-0204]
(2007)

Ný ræningjagríma

Frá upphafi vega hafa ræningjar notað grímur til að hylja andlit sitt þegar þeir hrísa til sín þeninga. Tímarnir breytast og grímurnar með. Nú beila skúrkarnir nýrri aðferð til að hylja sitt rétta andlit. Þeir bregða upp nýrri kennitölu.

Fyrirtæki verða stundum gjaldþrota, reksturinn gengur ekki upp og eigendur geta ekki eða vilja ekki leggja meira fé í fyrirtækið. Sé framkvæmdaviljinn ekki þrotinn reyna menn að vinna sig upp að nýju, ávinna sér traust og afla viðskipta. Við þetta er ekkert að athuga enda óhjákvæmilegur fylgifiskur nýsköpunar og endurnýjunar í atvinnulífinu.

Því miður færast í vöxt að um leið og fyrirtæki verður gjaldþrota verði til nýtt fyrirtæki alveg eins og það gamla með sömu eigendum, starfsmönnum, húsnæði, tækjum og tólum. Hið eina nýja er kennitalan sem veitir nýtt líf og frelsi frá innheimtu skulda, t.d. vegna launa, skatta og vörukaupa.

Lánastofnanir eiga oft veð í öllum birgðum, tækjum og kröfum fyrirtækja og aðrir kröfuhafar fá því ekkert upp í sínar kröfur við gjaldþrot. Í skjóli þeirra bregða sumir upp nýrri kennitölu og halda rekstri sínum áfram eins og ekkert hafi í skorist.

Nú er málið að linnu.

SI

Samtök iðnaðarins